



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum. 495. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði um fjárhæð frítekjumarks vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega verði framlengt til loka ársins 2013. Samkvæmt 16. gr. laganna er frítekjumark örorkulífeyrisþega 329 þús. kr. á ári eða 27 þús. kr. á mánuði. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sem tók gildi 1. júlí 2008 er frítekjumarkið 1.315 þús. kr. á ári eða 110 þús. kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir framlengingu bráðabirgðaákvæðisins í fjárlagafrumvarpi 2013 en það hefur verið framlengt um ár í senn undanfarin ár.

Tekjutengingum almannatrygginga þarf að haga þannig að örorkulífeyrisþegar sem hafa heilsu og getu til þess að stunda vinnu hafi til þess nægilega hvatningu. Eðlilegt er því að framlengja bráðabirgðaákvæðið um sinn. Starfshópur um endurskoðun almannatryggingalaga hefur m.a. það verkefni að endurskoða ákvæði þeirra um örorkulífeyri og rétt til hans. Starfshópurinn hefur skilað tillögum til stjórnvalda um breytingar á ellilífeyri og mun væntanlega skila tillögum um örorkulífeyri og skilyrði fyrir greiðslu hans á næstu misserum. Framlenging bráðabirgðaákvæðisins er því eðlileg uns varanleg niðurstaða næst um hvort og með hvaða hætti lögnum verði breytt þannig að starfsgetumat komi í stað gildandi örorkumats.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson